

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 8. apríl 2020 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu M-52/2019.

I

Álitaefni og kröfugerð

Þann 19. júlí 2019 bað X, hér eftir nefndur álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna kaupa á notaðri bifreið af Y, hér eftir seljandi. Álitsbeiðandi telur að bifreiðin hafi verið haldin galla við kaupin og krefst þess að seljandi greiði viðgerðarkostnað að hluta.

II

Málsmeðferð kæruneftndarinnar

Með bréfi, dags. 25. febrúar 2020, var seljanda gefinn kostur á andsvörum við álitsbeiðninni og honum veittur tveggja vikna frestur til að skila þeim. Andsvör seljanda bárust nefndinni 3. mars 2020. Álitsbeiðandi sendi nefndinni athugasemdir vegna andsvara seljanda sem bárust 4. mars 2020. Nefndinni bárust ekki frekari athugasemdir. Með bréfi, dags. 5. mars 2020, var aðilum tilkynnt að kæruneftndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Álitsbeiðandi keypti bifreiðina XX-0000 af gerðinni Kia Sorento, árgerð 2006, af seljanda þann 22. maí 2019 fyrir 750.000 krónur. Greiðsla kaupverðsins fór fram með afhendingu á bifreið af gerðinni Honda Accord og greiðslu að fjárhæð 150.000 krónur.

Álitsbeiðandi kveðst hafa orðið var við það stuttu eftir kaupin að þegar bifreiðin var í notkun varð að bæta vatni á hana daglega. Fimm dögum eftir kaupin fór álitsbeiðandi því með bifreiðina í skoðun á verkstæði eða þann 27. maí 2019. Við skoðun kom í ljós umfangsmeiri bilun en álitsbeiðandi kveðst hafa búist við. Að sögn álitsbeiðanda lak vatn frá bifreiðinni en „vatnið lak ekki niður heldur inn á vél og eftir greiningu er komið í ljós að það þarf að taka upp vél“. Er það staðfest í undirritaðri yfirlýsingu bifvélavirkja sem skoðaði bifreiðina. Telur bifvélavirkinn afar ólíklegt að bilunin hafi komið upp eftir kaupin.

Álitsbeiðandi hafði samband við seljanda sem neitaði að taka þátt í viðgerðarkostnaði vegna bilunarinnar. Við meðferð málsins hjá kæruneftndinni fór álitsbeiðandi með bifreiðina í viðgerð og greiddi alls 643.122 krónur í viðgerðarkostnað. Í upplýsingum frá verkstæðinu í framlögðum reikningi kemur fram að skipt hafi verið um heddþakningar, tímareimasett, vatnsdælu, kerti, viftureimar, olú og frostlög.

Álitsbeiðandi telur að bifreiðin hafi frá fyrsta degi verið haldin leyndum galla. Telur álitsbeiðandi ólíklegt að seljandi hafi ekki vitað af biluninni og bendir á að seljandi hafi ekki veitt upplýsingar um að nokkuð amaði að bifreiðinni. Álitsbeiðandi krefst þess að seljanda verði gert að greiða helming viðgerðarkostnaðar.

IV

Andsvör seljanda

Í andsvörum sínum hafnar seljandi því alfarið að henni hafi verið kunnugt um galla í bifreiðinni við sölu. Seljandi kveðst hafa auglýst bifreiðina, sem var 13 ára gömul og „tíltölulega mikið ekin“, til sölu í góðri trú þann 18. maí 2019 á sölusíðunni bland.is. Seljandi

segir að álitshbeiddandi hafi ekki farið með bifreiðina í söluskoðun en sonur álitshbeiddanda hafi skoðað bifreiðina og ekið henni. Að skoðun lokinni taldi sonur álitshbeiddanda rétt að ganga að kaupunum.

Seljandi bendir á að hún hafi átt í samskiptum við álitshbeiddanda dagana 1. og 2. júní 2019 vegna aukalykils fyrir bifreiðina sem álitshbeiddandi sótti svo í kringum 4. júní. Þann 6. júní kveðst seljandi hafa mótttekið tilkynningu frá váttryggingarfélagi sínu um að bifreiðin hafi lent í tjóni ásamt annarri bifreið. Þar kemur fram að ökumaður bifreiðar álitshbeiddanda beri ábyrgð á tjóninu. Nokkru síðar eða 28. júní segir seljandi að álitshbeiddandi hafi fyrst veitt henni upplýsingar um bilun í bifreiðinni. Að mati seljanda er undarlegt að seljandi minntist ekki á viðgerð á bifreiðinni í samskiptum aðila því ekkert í samskiptum gaf á þeim tíma til kynna að bifreiðin væri biluð.

Viðgerð hefur farið fram á bifreiðinni samkvæmt reikningi sem dagsettur er 13. ágúst 2019 en seljandi hefur ekki haft bifreiðina í sinni vörslu frá því 20. maí sama ár. Kveðst seljandi ekki hafa vitneskju eða þekkingu á því hvað hefur komið fyrir bifreiðina frá þeim tíma. Bifreiðin var 13 ára, mikið ekin og seld í góðri trú að sögn seljanda. Þrátt fyrir mikil samskipti milli aðila frá kaupunum fékk seljandi ekki upplýsingar um bilun bifreiðarinnar fyrr en fimm vikum eftir kaupin. Seljandi hafnar því að henni beri að taka þátt í viðgerðarkostnaði.

V

Athugasemdir álitshbeiddanda við andsvör seljanda

Í athugasemdum sínum við andsvör seljanda segir álitshbeiddandi að bilunin hefði ekki sést í söluskoðun þar sem bilunin var í heddinu. Þá sé ljóst að bilunin hafi komið upp áður en bifreiðin var seld að mati bifvélavirkjans sem skoðaði bifreiðina og einnig við skoðun mynda af vél bifreiðarinnar. Álitshbeiddandi segir rangt að ekki hafi verið haft samband við seljanda fyrr en 28. júní 2019. Rétt sé að seljandi hafi fengið upplýsingar í símtali stuttu eftir kaupin þar sem álitshbeiddandi bauð riftun kaupanna eða að seljandi tæki þátt í viðgerðarkostnaði. Álitshbeiddandi segir að bifreiðin hafi lent í lítilvægu óhappi vegna nálægðar við aðra bifreið á bílastæði en engin skemmd hafi orðið á bifreiðunum. Þá sé óhappið alls ótengt bilun bifreiðarinnar. Að sögn álitshbeiddanda er ljóst að bifreiðin var biluð í nokkurn tíma áður en hann festi kaup á bifreiðinni.

VI

Niðurstaða kæruneftndarinnar

Kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitshbeiddanda og seljanda falli undir valdsvið neftndarinnar, sbr. III. kafla laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa. Viðskipti aðila falla undir lög nr. 50/2000 um lausafjárkaup.

Líkt og að framan er rakið keypti álitshbeiddandi bifreiðina XX-0000 þann 22. maí 2019 fyrir 750.000 krónur. Greiðsla kaupverðsins fór fram með afhendingu á annarri bifreið af gerðinni Honda Accord ásamt greiðslu að fjárhæð 150.000 krónur. Umþrætt bifreið er af gerðinni Kia Sorento, árgerð 2006, og var því 13 ára og hafði samkvæmt gögnum málsins verið ekið tæplega 150.000 km á kaupdegi. Ágreiningur málsins varðar bilun á bifreiðinni sem kom í ljós stuttu eftir kaupin og var staðfest af bifvélavirkja fimm dögum síðar. Bilunin lýsti sér þannig að sögn álitshbeiddanda að við akstur var þörf á að bæta vatni á bifreiðina. Ef bifreiðin var í notkun daglega varð að bæta vatni á hana daglega. Við skoðun á bifvélaverkstæði kom í ljós að vatn lak inn á vél bifreiðarinnar og varð því að sögn bifvélavirkja að „taka upp Hedd“ til að gera við bifreiðina. Álitshbeiddandi telur að bifreiðin hafi verið haldin galla við söluna og krefst þess að seljanda verði gert að taka þátt í greiðslu viðgerðarkostnaðar.

Kærunefndin álfur að við mat á því hvort bifreiðin hafi verið haldin galla við kaupin beri að líta til 17. og 18. gr. laga um lausafjárkaup nr. 50/2000 (hér eftir lkpl.). Ákvæðin eru svohljóðandi:

17. gr. Eiginleikar söluhlutar.

Söluhlutur skal, hvað varðar tegund, magn, gæði, aðra eiginleika og innpökkun, fullnægja þeim kröfum sem leiðir af samningi.

Ef annað leiðir ekki af samningi skal söluhlutur:

- a. henta í þeim tilgangi sem sambærilegir hlutir eru venjulega notaðir til;
- b. henta í ákveðnum tilgangi sem seljandinn vissi eða mátti vita um þegar kaup voru gerð, nema leiða megi af atvikum að kaupandi hafi ekki byggt á sérþekkingu seljanda og mati hans eða hafi ekki haft sanngjarna ástæðu til þess;
- c. hafa þá eiginleika til að bera sem seljandi hefur vísað til með því að leggja fram prufu eða líkan;
- d. vera í venjulegum eða öðrum forsvaranlegum umbúðum sem nauðsynlegar eru til að varðveita og vernda hann.

...

Söluhlutur telst gallaður ef hann er ekki í samræmi við þær kröfur sem fram koma í 1. og 2. mgr.

Samkvæmt 1. mgr. 18. gr. laganna gilda reglur um galla einnig þegar söluhlutur svarar ekki til þeirra upplýsinga sem seljandi hefur við markaðssetningu eða á annan hátt gefið um hlutinn, eiginleika hans eða notkun og ætla má að hafi haft áhrif á kaupin. Þá segir í 1. mgr. 20. gr. lkpl. að kaupandi geti ekki borið neitt það fyrir sig sem galla sem hann vissi eða mátti vita um þegar kaupin voru gerð. Ef kaupandi hefur rannsakað söluhlut fyrir kaupin eða án gildrar ástæðu látið undir höfuð leggjast að sinna hvatningu seljanda um slíka rannsókn getur kaupandi ekki borið fyrir sig sem galla þau atriði sem hann hefði mátt sjá við skoðun, sbr. 2. mgr. ákvæðisins. Þetta gildir þó ekki ef seljandi hefur sýnt af sér vítavert gáleysi eða framferði hans hefur að öðru leyti verið andstætt heiðarleika og góðri trú.

Í söluauglýsingu seljanda kemur eftirfarandi fram um ástand bifreiðarinnar: „Skoða öll tilboð! Nýr rafgeymir. Ný smurður. Nýir Bremsuklossar og diskar framan og aftan. Smá skemmd á lakki að aftan.“ Ekki liggja fyrir gögn um að seljandi hafi veitt frekari upplýsingar um ástand bifreiðarinnar fyrir kaupin. Ekkert hefur komið fram sem bendir til þess að seljanda hafi verið kunnugt um bilun í bifreiðinni við söluna eða haldið upplýsingum leyndum um ástand bifreiðarinnar. Sonur álitsbeiðanda skoðaði bifreiðina fyrir kaupin en ekki liggur fyrir að álitsbeiðandi hafi látið framkvæma söluskoðun á bifreiðinni fyrir kaupin. Í málinu liggur ekki fyrir ítarleg bilanagreining á bifreiðinni en að áliti kærunefndarinnar bendir yfirlýsing bifvélavirkjans til þess að lekinn hafi borist frá vatnskassa bifreiðarinnar. Í upplýsingum frá verkstæðinu vegna viðgerðar á bifreiðinni var skipt um heddþakningar, tímareimasett, vatnsdælu, kerti, viftureimar, olíu og frostlög. Kærunefndin telur ekki liggja fyrir hvort allar aðgerðir bifvélavirkjans hafi stafað af umþrættum leka og verið framkvæmdar til að lagfæra afleiðingar hans en álitsbeiðandi greiddi alls 643.122 krónur fyrir viðgerðina.

Í 1. mgr. 20. gr. lkpl. felst að kaupandi getur ekki gert kröfu á hendur seljanda vegna galla ef um atvik er að ræða sem hann vissi eða mátti vita um þegar kaupin áttu sér stað. Ef kaupandi vitandi vits gerir samning um kaup á söluhlut þótt hann megi gera sér grein fyrir tilteknum eiginleika hans getur hann ekki síðar borið fyrir sig að þennan eiginleika beri að telja galla. Kærunefndin telur sér ekki fært að fullyrða að álitsbeiðandi hefði mátt verða var við leka eða bilun vegna lekans við skoðun bifreiðarinnar. Aldur bifreiðarinnar og akstur gaf álitsbeiðanda hins vegar ríka ástæðu til að kynna sér ástand bifreiðarinnar vel fyrir kaupin.

Umrædd bifreið var 13 ára gömul þegar álitsbeiðandi festi kaup á henni og hafði verið ekið um 150.000 km. Bifreiðin var því komin vel til ára sinna og hafði henni verið ekið töluvert. Álitsbeiðandi mátti með hliðsjón af því gera ráð fyrir því að bifreiðin gæti raunar bilað hvenær sem er eftir kaupin, enda er reglulegt viðhald og viðgerðir hluti þess að eiga og reka slíka bifreið.

Bilun var staðfest í bifreiðinni aðeins fimm dögum eftir kaupin samkvæmt fyrirbyggjandi yfirlýsingu bifvélavirkja. Eru því að áliti kærunevndarinnar líkur á að bilunin hafi verið til staðar á kaupdegi. Þrátt fyrir aldur og akstur bifreiðarinnar getur kærunevndin ekki litið svo á að álitsbeiðandi hafi mátt gera ráð fyrir svo umfangsmikilli bilun sem svo kostnaðarsamt var að gera við svo stuttu eftir kaupin. Álítur klærunevndin að bifreiðin hafi því verið haldin galla við kaupin samkvæmt 2. mgr. 17. gr. l.kpl. Álitsbeiðandi hefur krafist þess að seljanda verði gert að taka þátt í greiðslu viðgerðarkostnaðar sem var alls að fjárhæð 643.122 krónur. Með hliðsjón af öllum atvikum málsins tekur kærunevndin að seljanda beri að endurgreiða álitsbeiðanda hluta af viðgerðarkostnaði í formi skaðabóta samkvæmt 40. gr. l.kpl., sem nefndin telur hæfilega ákveðinn 10% af heildarkostnaði, eða 64.312 krónur.

VII

Álitsorð

Seljanda, Y, ber að greiða álitsbeiðanda, X, 64.312 krónur.

Áslaug Árnadóttir
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Ívar Halldórsson